

## USK Skipulag

---

**Frá:** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 11. október 2022 11:15  
**Til:** USK Skipulag  
**Afrit:** Harri Ormarsson; Glóey Helgudóttir Finnsdóttir; Erna Hrönn Geirsdóttir  
**Efni:** Tilkynning til stjórnvalds um kærumál nr. 117/2022  
**Viðhengi:** Kæra v framkvæmdal. okt. 2022.pdf; Framkv.leyfi, reiðleiðat. Trippadal, Kæra.pdf; KÆRA, fylgiskj. til UUA -Tölvup. framkvæmdal. Trippadal.pdf; Fylgiskj. til uua v Kæra, póstar v Trippadalur.doc; Fylgisk, myndir, Kæra framkv. Almannadal.pdf; Austurheiðar - Trippadalur, umsögn skipulagsfulltrúa.pdf; Austurheiðar - Trippadalur, uppdráttur-4.pdf; Austurheiðar - Trippadalur, umsögn Minjastofnunar Íslands.pdf

Góðan dag.

### Tilkynning um kæru.

Úrskurðarnefndin umhverfis- og auðlindamála hefur mótttekið kæru sem barst með tölvupósti 10. október 2022 og lýtur að framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar vegna lagningu tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal. Hefur kæraran fengið málsnúmerið 117/2022. Hjálagt er kæraran og fylgigögn.

Vegna framkominnar **stöðvunarkröfu** er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða fyrir 18. október næstkomandi og er stjórnvaldinu gefinn kostur á að tjá sig um þá kröfu til sama tíma. Frestur til að gera athugasemdir vegna kærunnar að öðru leyti er 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Þá er óskað eftir **upplýsingum um framkvæmdaleyfishafa**, þ.e. nafn og netfang/símanúmer, ef þær liggja fyrir.

### Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Með kveðju,

#### Unnþór Jónsson, lögfræðingur

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 575 8710  
[www.uua.is](http://www.uua.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Reykjavík 10.10.2022

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

## Kæra

Kærð er ákvörðun skipulagsfulltrúans í Reykjavík frá 22. desember 2021 er varðar útgefið framkvæmdaleyfi sem titlað er: **Framkvæmdaleyfi Austurheiðar - Trippadalur**

Ár 2021, föstudaginn 17. desember kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 850. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs

### **26.21 Austurheiðar - Trippadalur, framkvæmdaleyfi**

Lögð fram umsókn Dagnýjar Bjarnadóttur dags. 14. desember 2021 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal í samræmi við rammaskipulag Austurheiða, samkvæmt uppdr. Dagný Land Design ehf. dags. 22. október 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 1. desember 2021. Jafnframt er lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa 17. desember 2021.

*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis.*

### **Krafa:**

Krafist er að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að kveðinn verði upp bráðabirgðaúrskurður um stöðvun framkvæmda meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

### **Málsástæður:**

Framkvæmdaleyfi nefnt Austurheiðar – Trippadalur var gefið út f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 22. desember 2021 vegna lagningu tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal og það sagt vera í samræmi við rammaskipulag Austurheiða. Tekið er fram að framkvæmdin teldist nokkuð umfangsmikil og næði yfir nokkuð langt tímabil með tilheyrandi raski fyrir notendur á svæðinu.

Með vísun til málsatvika og raka er um að ræða framkvæmdir er varða ekki aðeins gerð reiðleiða heldur einnig breytingu á sameign kæranda til tjóns, það er á einkaveg og veghelgunarsvæði hans. Þessar reiðleiðatengingar er þvera Mjódalsveg í Almannadal valda breyttum aðstæðum og voru ekki kynntar með lögmætum hætti eða samþykkt af eigendum/umráðaaðilum sameignarinnar, Mjódalsvegar í Almannadal. Vísað er til dómafordæma um umráðarétt yfir vegum, umferðarrétt og takmarkanir, réttindi og skyldur.

Kæranda var fyrst kunnugt um hina kæranlegu ákvörðun þann 27.september 2022.

### **Kæruheimild:**

Lög nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

### **Málsatvik og rök:**

Ef miðað er við útgáfudag framkvæmdaleyfis er kærufrestur liðinn samkvæmt bókinni. Því er til að svara að ekki var kært fyrr og/eða athugasemdir gerðar í tíma, er að kæranda var als ókunnugt um



að þessar framkvæmdir stæðu til í Almannadal með Mjódalsveg og veghelgunarsvæði hans sem hluta af framkvæmdasvæði fyrr en keyrt var fram á jarðýtu í vegkantinum 27.09.2022. Ástæðan fyrir því samkvæmt gögnum málsins var þessi ákvörðun, það er að kenna framkvæmdirnar við Trippadal sem framkvæmdasvæði vegna tveggja tenginga. – eftir á séð, rétt eins og eitthvað væri að fela, og hindra þannig gerð athugasemda um lögmæti framkvæmdanna.

Í kynningu tillagna, Rammaskipulag Austurheiðar 6. maí 2020 voru þessar reiðleiðir ekki kynntar eins og látið er líta út fyrir ef kynningarmynd merkt 6. maí 2020 eru skoðuð í dag á netinu. Þá er átt við, að það lítur út fyrir, að þar sé stungið inn mun nýrri gögnum

Í framkvæmdaleyfi segir að: „í aðalskipulagi Reykjavíkur er stígalegan fyrir reiðleiðina sýnd á svæði sem ber heitið OP15 Austurheiðar.“ Þessi fullyrðing er röng svo lengi sem reiðleiðir ekki finnast og nánari upplýsingar fást ekki sendar (slóðin) þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir. Í aðalskipulaginu er ekki gerð grein fyrir framkvæmdinni eða: „ffallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við á.“ samanber kemur fram í 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, um forsendur fyrir útgáfu.

Ganga verður út frá því að framkvæmdaleyfið er ekki í samræmi við aðalskipulag. En ef svo var, bar að grenndarkynna samkvæmt 13. gr. laga nr. 123/2010. Reykjavíkurborg þekkir hagsmuni frístundabyggðarinnar vegna fjölda athugasemda við nefnt rammaskipulag sem dæmi.

---

Að athuguðu máli á vettvangi framkvæmdanna dags. 27. september sl. og/eða þann dag sem verktaki hóf framkvæmdir og næsta dag á eftir, þá voru þær bundnar við Almannadal sem margir þekkja og efnisflutningar með vörubílum um Mjódalsveg, og þannig verður það á framkvæmdartíma að talið verður þ.e. efnisflutningar og aðkoma að vinnusvæði með tilheyrandi raski, skemmdum og hindrunum á umferð og umferðaröryggi.

Í nefndu framkvæmdaleyfi er hvorki minnst á Almannadal eða Mjódalsveg, einbreiður og varasamur einkavegur með útskotum, blindbeygjum og hæðum, og liggur eftir dalnum og er aðkomuleiðin að frístundaspildum í Almannadal. Framkvæmdaleyfið er með öllu skilmálalaust að því sem tekur til vegarins í öllum skilningi viðkomandi laga og reglugerða. Venjubundinna og lagaskyldra öryggisatriða er ekki gætt og stöðva ber því framkvæmdina.

Vegurinn var lagður sem einkaframkvæmd af landeigendum fyrir eigin kostnað í Almannadal í kjölfar kaupa á landspildum úr jörðinni Reynisvatni efst í Almannadal upp úr 1960. Er því ljóst að um einkaveg er að ræða í skilningi 9. gr. vegalaga með tilvitnun til Hæstaréttardóms nr. 441/2007. Er því um einstaka lögvarða hagsmuni að ræða að krafan um stöðvun framkvæmda nái fram að ganga.

Lögboðað félag heitir Vega- og landeigendafélagið Græðir, félagsskapur um sameiginlega hagsmuni eins og fram kemur í lögum nr. 75/2008. Reykjavíkurborg er ekki aðili í þessu félagi og því ekki einn af eigendum einkavegarins á nokkurn hátt að vitað sé til, og hefur þannig ekki eignast óhindraðann umferðarrétt um einkavegin Mjódalsveg í Almannadal og þaðan af síður ráðstöðvunarrétt. Þetta má berlega lesa út úr sbr. vísun til dóma. Breytir engu að ekki er minnst á Mjódalsveg í verklýsingaþætti. Skortur á því er eitt af mörgu sem gefur tilefni til að ógilda framkvæmdaleyfið.

Með framkvæmdunum er einkavegi raskað og spillt án samþykkis veghaldara og umferðaröryggisþættir hafðir að engu með tengingu reiðleiða/stíga yfir veginn að



frístundalóðunnum, og það eftir atvikum leiðir til þess að farið er eftir veginum. Gerist alltaf öðru hverju út frá núverandi þverunum. Þessar viðbótar þveranir með framkvæmdum í og við veginn og með umferð vörubíla og raski, skemmdum og hindrunum þeim lútandi eru skemmdarverk á einkavegi á ábyrgð Reykjavíkurborgar sem útgefanda framkvæmdaleyfis og Dagnýjar Bjarnadóttur sem framkvæmdaaðila - ef gögn eru rétt skilin. Af þessu öllu hefur viðkomandi verið látin vita frá fyrsta degi, og eru framkvæmdaaðilar því ekki í góðri trú.

---

Til að byggja frekar undir þessa fullyrðingu að um einstaka lögvarða hagsmuni er að ræða, er gerð grein fyrir nokkrum atriðum hér neðar, því búast má við að reynt verði að mótmæla einu og öðru í væntanlegri greinargerð Reykjavíkurborgar svona í von um að geta hrifsað til sín forráð yfir veginum, Mjódalsvegi í Almannadal og tryggja þannig þau atriði er viðkoma framkvæmdaleyfinu. En það eru nú fleiri atriði en eigna og umráðaréttur sem gæta þarf að þegar framkvæmdaleyfi er annarsvegjar með vísun til laga og reglugerða.

Veghald vegarins sem nefndur var Mjódalsvegur fyrir nokkrum árum, hefur aldrei flutt af hendi þeirra sem sköpuðu í upphafi eignaréttindi með lagningu vegarins fyrir eigin kostnað upp Almannadal að frístundalóðum sínum. Að vegurinn er opin almenningi er ekki ákvörðun heldur sjónarmið um að það ætti að geta gengið ef umferð er takmörkuð og farið sé eftir umferðamerkjum. Uppsetning á hliði væri fullkomlega lögmæt aðgerð ef það yrði ákveðið af eigendum samanber héraðsdóma E-2113/2017 og E-1746/2019 sem dæmi.

Eigendur landspildnanna í Almannadal voru einu notendur vegarins frá árinu 1960 fram yfir árið 2000 þegar opnað var fyrir gegnumakstur sbr. eftirfarandi: Frá Grafarholti var snemma gerður akfær bílvegur þegar kaldavatsgeymirinn á Reynisvatnsheiði var byggður og kom hann inn á veg landeigenda efst í Almannadal. Þegar jarðvegstippurinn kom til um árið 2000 var þessi vegur framlengdur sem bílvegur að hitaveitutönkunum og myndaðist þannig hringleið austur úr að Hafravatnsvegi/Nesjavallarleið á Hólmsheiði, og þá með tengingu inn á efsta hluta vegar landeigenda í Almannadal. Vegna þessara tenginga skapaðist töluverður gegnumakstur upp og niður Almannadal og þá helst stórir vörubílar sem undan var kvartað.

Þessarri þungaumferð og gegnumakstri með tilheyrandi hávaða og ánýðslu, var mótmælt sem brot á friðhelgi og eignarétti. Vegurinn var frá upphafi aðeins hugsaður og uppbyggður sem einkavegur og botngata, botnlangi. Hlutuðust landeigendur til þess að Reykjavíkurborg setti upp umferðarmerki við báða enda í Almannadal er sýndu í hið minnsta bann við akstri vörubíla og að um botngötu væri að ræða (lokað fyrir gegnumakstur). Og þarna eru þessi umferðarmerki sem sönnun fyrir því að umferð um veginn er takmörkum háð og á foræði landeigenda skráðra frístundalóða í Reynisvatnslandi í Vega- og landeigendafélaginu Græðir.

Af félagsins hálfu hefur ýmislegt verið látið átölulaust er varðar umferð upp Almannadal m.t.t umferðamerkja. Helst er um að ræða umferð vegna opinbera mannvirkja á svæðinu sem kalla á þjónustu og eftirlit – verið að stytta sér leið. Tilfelli hafa komið gegnum árin að beðið hafi verið um samþykki um afnot eins og vegna rallykeppni og gróðursetninga Vinnuskólans, gert vegna tilvísunar Reykjavíkurborgar þar um. Einnig umsamið við Landsvirkjun Langavatnsmegin um greiðslu fyrir afnot. Vegna nefndra afnota og eitthvað fyrir fasteignagjöldin fylgdu malarhlöss hér og þar. Þetta malbikunarfræs sem er á veginum í Almannadal er tilkomið sem losun efna á sínum tíma og án afskipta, og eins með þetta sem gert var fyrir fáeinum árum. Fræsið helst þokkalegt á köflum en gerir annars illt verra vegna legu vegarins og skort á því að dreina frá honum. Ef nefna má þetta fræs sem viðhald þá hefur það verið látið duga sem viðhald. Næstum öll umferð um veginn hefur lítið haft með frístundabyggðina að gera síðustu ár – a.m.k. á sumrin vegna gegnumaksturs og



útivistar. Viðhald kemur þeirri umferð mest til góða svo meta þarf aðstæður. Með meiri umferð fylgja neikvæðir þættir.

Á síðustu árum og misserum hafa sem sagt aðstæður breyst, þó ekki umferðarmerki og eignarhald. Umferð hefur markvist verið stefnt inn á varasaman Mjódalsveg og Langavatnsveg. Austurheiðarnar hafa verið kynntar sem almennt útivistarsvæði og lagðir hinir ýmsu stígar. Aðkoma að þessum stígum er eftir atvikum frá Rauðavatni eða þá eftir og yfir vegi landeigenda. Vegna ágangs og þjófnaðar úr bústöðum vítt og breitt hefur Langavatnsvegi verið lokað með rafmagnshliði við Hólmsheiðarveg. Var áður lokað með læstu hliði niður við Reynisvatn meðan vegurinn lá ósnertur/ósprengrur þar í gegn upp í heiðanna ró.

Tekið er fram að viðhaldi vegarins og heflun var að sjálfsögðu sinnt af eigendum frístundalóðanna eins og þurfa þótti. Það hefur enginn tekið við þessu viðhaldi af þeim þrátt fyrir áður nefnd hlöss af mól og fræs – fræs sem útilokar auðvitað heflun vegarins og gerir viðhald torveldara, nema þá með meira malbiks fræs yfir. Ef Reykjavíkurborg telur sig hafa sinnt viðhaldi þá er það vegna umferðar sem henni er þóknanleg, og bundið það við holufyllingar með mól í fræsið – allt gert til að auðvelda gegnumakstur og aðra umferð með tilheyrandi neikvæðum þáttum.

---

Eins og áður sagði þá var þann 27. september sl. ljóst að framkvæmdir við reiðstígagerð voru hafnar í Almannadal og að Mjódalsvegur væri hluti af framkvæmdasvæði. Send var inn fyrirspurn dags. 27. sept. (fyrri póstur) til USK, skipulagsfulltrúa um framkvæmdaleyfi. Samhliða var framkvæmdunum „**mótmælt að því er varðar að stígarnir eru látnir þvera Mjódalsveg sem er viðurkenndur einkavegur sbr. Vegalög.**” Einnig kom fram í sendum tölvupóst að:

„Það fylgir því mikil ábyrgð að hanna reiðstíga sem þvera yfir vegi - hvað þá eins og aðstæður eru við Mjódalsveg. Slysahætta er mikil af ýmsum ástæðum og ekki á bætandi að láta stíga þvera yfir veginn.

Vonast er til að Reykjavíkurborg taki umræðuna við okkur í Vega- og landeigendafélaginu Græði um færar leiðir því við þetta hættuástand verður ekki unað. Mál manna er að það sé aðeins tímaspursmál hvenær slys verður á þessum einbreiða vegi sem ekki var hugsaður fyrir að vera hluti af útivistarsvæði - heldur aðkomuleið að frístundalöndum landeigenda í Reynisvatnslandi árið 1960.”

USK, Helena sendi útgefið framkvæmdaleyfi um hæð.

Aftur var sendur póstur (seinni póstur 27.09) á USK og krafa gerð til stöðvunar framkvæmda við gerð reiðleiðar yfir Mjódalsveg. Vísað var til 16. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Jafnframt var gerð athugasemd við það að framkvæmdirnar sagðar í Trippadal voru látnar ná yfir Almannadal. Sem fylgiskjal er skýringarmynd þar sem deiliskipulögð svæði á Austurheiðum eru sýnd með gulum lit. Eitt þessara svæða (mjög lítið) er Trippadalur Aðveitustöð 12. Þessi aðveitustöð OR er niður undir Suðurlandsveg, stórt hús og ryðbrúnt að lit. Og eins og ráða má í tölvupóst frá USK, eiga nú allir að vita hvar Trippadalur er “samkvæmt uppdráttum”.

Einnig athugasemdir við að skilyrði fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis var verulega ábótavant og þörfnuðust útskýringa. Beðið um undirliggjandi gögn með vísun til reglugerðar.

Sem fylgiskjal með kæru er tilvitnuð umsögn í tölvupóst (27.09. 2022), umsögn/kvartanir Dagnýjar Bjarnadóttur dags. 25.júní 2020. Einnig tillagan, mynd sem hún vísar til er hún segir „*það vanti reiðleiðir*” og á hún þá við kynningargögn, kynning 6. maí 2020 um rammaskipulag Austurheiða og beðið var um athugasemdir við.



Í umsögn/athugasemdum Dagnýjar Bjarnadóttur 25. júní 2020

„Tillagan sem hér er kynnt er meingölluð, það vantar reiðleiðir og ég kem ekki auga á eina einustu nýja reiðleið í þessum tillögum, eða nýja áinigastaði fyrir hestamenn. Á tillögukortinu er varla hægt að sjá reiðleiðirnar, þar sem grafíkin hverfur ofan í grunnlitinn”

Það athugist að reiðleiðin sem fyrir hendi er eftir botni Almannadals með þverun yfir Mjóðalsveg ofarlega er ekki sýnd sem núverandi reiðleið og Dagný bendir réttilega á „*vantar reiðleiðir*” og heldur ekki að finna í nýjasta Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, að ég best fæ séð. Á uppdrætti Dagnýjar með framkvæmdaleyfi dags. 22.10.2021 er allt sett inn, þessar nýju og þær sem talið var að vantaði – þettað verður reynt að athuga.

Um aðra auglýsta kynningu rammaskipulags en 6. maí 2020 var ekki að ræða s.s. um síðari breytingar sem nú eru að koma í ljós að hafi átt sér stað og settar inn aftur í tímamann í gögnum!

Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 10. júlí 2020 sbr. fylgiskjal segir það sem segja þarf – rammaskipulag hefur ekki lögformlegt gildi, nema um sé að ræða rammahluti aðalskipulags sbr. einnig það sem fram kemur í umsögn Minjastofnunar dags. 22. febrúar 2021. Í aðalskipulagi Reykjavíkur er ekki minnst á þetta rammaskipulag fyrir Austurheiðar. Aftur á móti er þar sýnd breytt lega reiðleiða Suðurlandsvegur – Hólmsheiði sbr. fylgiskjal.

---

Þar sem engin viðbrögð eða svör höfðu borist frá skipulaginu þann 2. október var aftur reynt að fá athyggli samanber tölvupóstur sendur 2. október 2022.

Um er að ræða að fá frekari gögn vegna útgefins framkvæmdaleyfis og hvort leyfin væru fleiri en eitt sbr. vísað var til í þessum pósti – Sem fylgiskjal er umrædd mynd fengin úr framkvæmdasjá með blárrí og breiðri merkingu vegna framkvæmda við gerð reiðstíga. Óumdeilanlega samkv. henni á ekki að ryðja fyrir vegi neðan Mjóðalsvegur niður í botn Almannadals, sjá efri bláa merking.

Tilfni tölvupóstsins dags. 2. október sl. var einnig að fara yfir hvernig aðstæður væru fyrir hendi og hvaða hættur gætu skapast og valdið skaða og tjóni umfram það sem nú þegar er orði.

„Annað tilfni var að gera grein fyrir því að Mjóðalsvegur er mjög varasamur og þar af leiðandi hættulegur vegur svo ekki væri á bætandi. Ein þverun vegna reiðstíga og hjólastíga út úr trjám og lúpínu, slagveðri, hálfu og snjó er einni of mikið. Er ekki viss um að allir taki eftir því, að það sé að ríða eða hjóla yfir bílveg fyrir en yfir er komið. Vegurinn er að mestu óuppbyggður, einbreiður með útskotum - blindbeygjum og hæðum - á vetrum einbreiður þar sem útskot eiga til að hverfa vegna snjóalaga. Sláandi hættulegur vegur sem á skilyrðislaust að vera lokaður allri umferð nema fyrir eigendur hans. Þeirra er ábyrgðin ef slys verða og engin eru umferðarmerkin. Umferðarmerki sem gera grein fyrir að um einkaveg er að ræða og að akstur um hann sé fullkomlega á ábyrgð viðkomandi ökumanna. Þeir sem fara þarna um á hestum, á hjóli og rölti með lausa hunda fá samsvarandi upplýsingar - þeirra sé áhættan. Reykjavíkurborg, vinsamlegast hættið að beina fólki út í óvissu og láta aðra bera ábyrgð á ef eitthvað kemur fyrir.

Það á ekki að þurfa að vera átök um eitt né neitt því til eru allmörg dómafordæmi um ýmis ágreiningsmál um vegi, einkavegi að fristundalóðum og réttmæta lokun þeirra með hliði, og það þrátt fyrir að vegur og land væri í eigu þriðja aðila og ýmislegt annað. Nefni sem dæmi átök Ásar fristundabyggð við mótaðila, hjá sýslumanni og í dómsölum.

Áskilin er réttur eftir atvikum til að stöðva nú þegar ítrekaðan akstur vörubíla um Mjóðalsveg og



aðra umferð ef þurfa þykir til að tryggja umferðaröryggi meðal annars og koma fyrir umferðamerki er gerir grein fyrir þessum vegi á réttan hátt.

---

Í sendum tölvupósti, það er svörum f.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík, dags. 4. október 2022 sbr. fylgiskjal, segir eftirfarandi:

*„Mjóadalsvegur liggur í landi Reykjavíkurborgar og er sá hluti vegarins sem reiðleiðin þverar eign Reykjavíkurborgar.“*

Hér er um að ræða yfirlýsingu um eignarrétt á afmörkuðum hluta í sameign þar sem viðkomandi þveranir eru samkv. uppdrætti. Það er ekki hægt að segja svona – við eigum þetta og þið megið eiga hitt. Ekki kom Reykjavíkurborg að lagningu vegarins svo er víst, þannig að hann er allur einkavegur í sameign þeirra sem tilheyra frístundabyggðinni. Að einhver telji sig eiga búið hér og stótt þar í veg stenst enga skoðun. Lögmæt framkvæmdaleyfi er varðar veg eða stígagerð, verður ekki útgefið ef ekki er gerð skilmerkilegri grein fyrir eignarhaldi og réttindum en þarna er lýst.

---

Eins og komið var inná hafa verið rekin dómsmál er varða einkavegi og viðkomandi réttindi. Með hliðsjón af eftirfarandi dómum, þá hafa lögmætar ákvarðanir teknar um sameiginlega hagsmuni með vísun til laga nr. 75/2008 og Vegalaga mesta vægið er varða réttindi og skyldur þegar leysa þarf úr ágreiningsmálum er varða einkavegi og aðild að þeirri sameign, eignarréttindi og óhindraðan umferðarrétt um vegi.

Rímamóamál – Hæstaréttard. nr. 441/2007 og héraðsdómar nr. S-259/2007 og Ásar frístundabyggð – Landsréttard. nr. 199/2000, héraðsd. E-1746/2019, E-2113/2017

Um frekari og nánari lýsingar er vísað til tölvupósta.

Málefnaleg rök liggja því fyrir því að úrskurðarnefndin kveði upp bráðabirgðaúrskurð um stöðvun framkvæmda.

Áskilinn er allur rétt til þess að koma að fleiri athugasemdum ef þurfa þykir svo sem vegna athugasemda Reykjavíkurborgar. Til dæmis ef eitthvað finnst í aðalskipulaginu um reiðstíga, Trippadal, Mjóadal, Almannadal, frístundabyggð – leitinn fann þetta ekki.


Virðingafyllst,

f.h Vega- og landeigendafélagsins Græðis



Guðmundur S. Johnsen, formaður félagsins. [gsj@habilis.is](mailto:gsj@habilis.is)

f.h. Þóris J. Einarssonar ehf., Mjóadalsvegur 6, Almannadal



Þóris J. Einarsson



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

Reykjavík 29. desember 2022.

**Efni: Greinargerð Reykjavíkurborgar í málinu nr. 117/2022, kæra Vega- og landeigendafélagsins Græðis og Þóris J. Einarssonar ehf. á framkvæmdaleyfi vegna lagningar tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal, auk kröfu um stöðvun framkvæmda.**

Með tölvupósti dags. 11. október sl. framsendi úrskurðarnefndin ofangreinda kæru og óskaði eftir að nefndinni yrðu látin í té gögn er málið varðaði. Var Reykjavíkurborg jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um efni kærunnar. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst til kærunnar.

#### Málavextir:

Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 17. desember 2021 var samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi vegna lagningar tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal. Framkvæmdaleyfi var gefið út þann 22. desember 2021.

#### Kröfugerð:

Kærendur krefjast þess að framangreint framkvæmdaleyfi verði felld úr gildi, auk kröfu um stöðvun framkvæmda. Reykjavíkurborg krefst þess að kröfum kæranda í málinu verði hafnað.

#### Málsástæður og lagarök:

Málsástæður kæranda koma fram í kæru og vísast til hennar.

#### Álit Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg fellst ekki á það með kæranda að mál þetta sé þannig vaxið að ógildingur varði. Kærendur halda því fram m.a. að hinar nýju reiðleiðir þveri svokallaðan Mjóadalsveg á tveim stöðum, en sá vegur sé í einkaeigu kæranda og ekki hafi verið leitað eftir samþykki kæranda vegna lagningar reiðleiðanna.

Reykjavíkurborg gerir ekki athugasemd við það sem fram kemur í kæru að vegurinn hafi verið á sínum tíma verið lagður af hálfu landeigenda á sínum tíma og að um einkaframkvæmd hafi verið að ræða. Óumdeilt er hinsvegar að vegurinn er á borgarlandi og hafa kærendur ekki lagt fram nein gögn um að þeir hafi óskorað vald yfir nýtingu vegarins eða geti hindrað aðrar





nauðsynlegar framkvæmdir í borgarlandinu umhverfis veginn, jafnvel þó slíkar framkvæmdir kunni að hafa einhver áhrif á hann s.s. að hann sé þveraður með reiðleiðum, en á svæðinu er stór hesthúsabyggð sem þarf að nýta landið og veginn rétt eins og kærundur. Ekki verður heldur með nokkru móti séð með hvaða hætti umræddar reiðleiðir skerði hagsmuni kæranda. Á það skal sérstaklega bent að lóð eins kæranda, Þóris J. Einarssonar ehf. er í um kílómeters fjarlægð frá reiðleiðinni. Áhyggjur kæranda snúast að því virðist einna helst að merkingum við veginn og öryggismálum, en Reykjavíkurborg hefur nú gripið til viðeigandi öryggisráðstafana þar sem reiðleiðir þvera veginn, en búið er að fella tré sem hindruðu útsýni við umrædda staði.

Það er rétt hjá kærendum að reiðleiðin er ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti, en samkvæmt aðalskipulagi skal gera grein fyrir nýjum reiðleiðum í deiliskipulagi. Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið, en hinsvegar er reiðleiðin sýnd á rammaskipulagi sem kynnt var fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu og stígagerð er almennt heimil á svæðum sem skilgreind eru sem opin svæði (OP).

Hvað varðar stöðvun framkvæmda skal tekið fram að framkvæmdum er lokið og því engar framkvæmdir í gangi til að stöðva. Er því farið fram á að kröfu um stöðvun framkvæmda verði vísað frá.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kærú og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,



---

Harri Ormarsson, lögmaður.



Árið 2023, föstudaginn 3. mars, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Þátt tóku Arnór Snæbjörnsson forstöðumaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

**Fyrir var tekið mál nr. 117/2022, kæra á ákvörðun skipulagsfulltrúans í Reykjavík frá 22. desember 2021, um veitingu framkvæmdaleyfis fyrir lagningu tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal.**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

### **úrskurður:**

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 10. október 2022, er barst nefndinni 11. s.m., kærir Vega- og landeigendafélagið Græðir, þá ákvörðun skipulagsfulltrúans í Reykjavík að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir lagningu tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og að kveðinn verði upp bráðabirgðaúrskurður um stöðvun framkvæmda meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni. Kröfu um stöðvun framkvæmda var hafnað með úrskurði uppkveðnum 6. janúar 2023.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 29. desember 2022.

**Málavextir:** Með umsókn, dags. 14. desember 2021, sótti framkvæmdaraðili um leyfi til lagningar tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar var umsóknin samþykkt á grundvelli þess að hún væri í samræmi við rammaskipulag Austurheiða, en ekki er til staðar deiliskipulag fyrir umrætt svæði. Framkvæmdaleyfið var gefið út 22. desember s.á.

Kærendur reisa kröfu sína um að veiting framkvæmdaleyfis verði felld úr gildi á þeim grundvelli að skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar hafi ekki fylgt því sem lög og reglugerðir kveði á um við undirbúning og útgáfu hins umþrætta framkvæmdaleyfis. Heimilaðar hafi verið framkvæmdir sem ná yfir einkaveg í eigu félagsmanna kæranda, án vitundar og samþykkis þeirra aðila sem lögðu veginn um 1960 og hafi séð um veghald hans síðan. Reykjavíkurborg vísar til þess að reiðleiðirnar sem framkvæmdaleyfi var gefið út fyrir séu á borgarlandi og hafi því ekki verið talin ástæða til þess að leita samþykkis félagsmanna kæranda.

**Málsrök kæranda:** Kærandi kveður sér hafa verið alls ókunnugt um að umþrættar framkvæmdir stæðu til fyrr en þær voru hafnar 27. september 2022. Í kynningu tillagna að Rammaskipulagi Austurheiðar 6. maí 2020 hafa umþrættar reiðleiðir ekki verið kynntar eins og látið sé líta út fyrir sé kynningarmynd merkt 6. maí 2020 skoðuð í dag á netinu. Virðist því sem þar sé bætt inn mun nýrri gögnum.

Í umþrættu framkvæmdaleyfi komi fram að í aðalskipulagi Reykjavíkur sé stígalegan fyrir reiðleiðina sýnd á svæði sem beri heitið OP15 Austurheiðar. Sú fullyrðing sé röng og nánari



upplýsingar fáist ekki þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir. Einnig sé ekki gerð grein fyrir framkvæmdinni í aðalskipulaginu né fjallað þar á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við eigi, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Sökum þessa verði að ganga út frá því að framkvæmdaleyfið sé ekki í samræmi við aðalskipulag. Ef svo væri hefði þá borið að grenndarkynna það samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Að athuguðu máli á vettvangi framkvæmdanna þá hafi þær verið bundnar við Almannadal og efnisflutninga með vörubílum um Mjódalsveg með tilheyrandi raski, skemmdum og hindrunum á umferð og umferðaröryggi. Nefnt framkvæmdaleyfi sé með öllu skilmálalaust hvað varði Almannadal og Mjódalsveg, sem sé einbreiður og varasamur einkavegur, sem liggja eftir dalnum og sé aðkomuleiðin að frístundaspildum í Almannadal.

Vegurinn hafi verið lagður sem einkaframkvæmd af landeigendum á eigin kostnað um 1960. Sé því ljóst að um einkaveg sé að ræða í skilningi 9. gr. vegalaga nr. 80/2007. Reykjavíkurborg sé ekki aðili í því lögbundna félagi sem skapaði eignarréttindi með lagningu vegarins og sé því ekki einn af eigendum einkavegarins. Hafi Reykjavíkurborg því ekki óhindraðan umferðarrétt um einkavegin Mjódalsveg í Almannadal og þar af síður ráðstöfunarrétt. Breytir engu að ekki sé minnst á Mjódalsveg í verklýsingaþætti. Skortur á því sé eitt af mörgu sem gefi tilefni til að ógilda framkvæmdaleyfið.

**Málsrök Reykjavíkurborgar:** Ekki er gerð athugasemd við það sem kærendur vísa til um að Mjódalsvegur hafi verið lagður af landeigendum á sínum tíma og að um einkaframkvæmd hafi verið að ræða. Hins vegar sé það óumdeilt að vegurinn sé á borgarlandi og hafi félagsmenn kæranda ekki lagt fram nein gögn þess efnis að þeir hafi óskorað vald yfir nýtingu vegarins eða geti hindrað nauðsynlegar framkvæmdir í borgarlandinu umhverfis veginn. Eigi það við jafnvel þó slíkar framkvæmdir kunni að hafa einhver áhrif á hann s.s. að hann sé þveraður með reiðleiðum. Á svæðinu sé stór hesthúsabyggð og þurfi notendur hennar aðgang að landinu rétt eins og kærendur.

Það sé vissulega rétt að reiðleiðin sé ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti, en samkvæmt aðalskipulagi skuli gera grein fyrir nýjum reiðleiðum í deiliskipulagi. Það liggja hins vegar ekki fyrir deiliskipulag af svæðinu, en reiðleiðin sé sýnd á rammaskipulagi sem kynnt hafi verið fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu og sé stígagerð almennt heimil á svæðum sem skilgreind séu sem opin svæði.

**Viðbótarathugasemdir kæranda:** Áréttáðar eru áður framkomnar ábendingar um að reiðleiðir þær sem deilt sé um séu ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti og ekki sé til deiliskipulag fyrir svæðið. Einnig hafi það rammaskipulag sem vísað sé til sem grundvöll leyfisins aldrei verið kynnt. Fullyrðingum um að eigendur einkavegar hafi ekki óskorað vald yfir nýtingu og/eða geti hindrað það sem kallað séu nauðsynlegar framkvæmdir eigi ekki við, sbr. lög nr. 80/2007. Þá eigi ekki heldur við „hvar staðsetning einstakra landspildna við Mjódalsveg sé“. Uppbyggðir allt að 5 metra breiðra reiðvega sem lagðir séu uppá og yfir einkavegi og nauðsynlegt veghelgunarsvæði hafi áhrif og flokkist sem skemmdir á vegi og hlutverki hans.

**Niðurstaða:** Í máli þessu er deilt um lögmæti þeirrar ákvörðunar skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 17. desember 2021 að veita framkvæmdaleyfi fyrir lagningu reiðleiðatenginga í Trippadal.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis ber sveitarstjórn að fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2010 um framkvæmdaleyfi.

Meginreglan er sú að framkvæmdaleyfi skuli gefið út á grundvelli deiliskipulags, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 123/2010. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðal- skipulags, ef í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við á samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laga nr. 123/2010.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030, sem í gildi var þegar hið kærða leyfi var gefið út, er ekki fjallað um reiðleiðatengingar í Trippadal. Í umfjöllun um svæði OP15, Austurheiðar, kemur einungis fram að „stefnt er að frekari stígagerð og bættum tengslum milli útivistarsvæða í grenndinni og uppbyggingu dvalar“. Á hinn bóginn er í aðalskipulaginu gert ráð fyrir að gerð verði grein fyrir nýjum reiðleiðum í deiliskipulagi.

Á grundvelli þessa verður að telja að skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar hafi verið óheimilt að gefa út hið kærða framkvæmdaleyfi. Verður þar ekki talið hafa þýðingu að gert hafi verið ráð fyrir reiðvegi þessum í rammaskipulagi, en slíkt skipulag hefur ekki lögformlega stöðu og getur því ekki bundið hendur sveitarfélaga við deiliskipulagsgerð eða skipað réttindum manna og skyldum með bindandi hætti, líkt og á við um aðal- og deiliskipulag. Þá virðist ekki unnt að telja hina kærðu framkvæmd til stígagerðar eins og henni er lýst í hinu kærða leyfi, enda væri ákvæði aðalskipulagsins um deiliskipulagsgerð reiðleiða þá þýðingarlaust.

Vegna sjónarmiða sem hafa komið fram í málinu verður að benda á að ágreiningur um eignar- réttindi verður ekki til lykta leiddur fyrir úrskurðarnefndinni, þar á meðal ágreiningur sem kann að stafa af óvissu um umráðarétt yfir vegum. Slíkur ágreiningur á eftir atvikum undir dómstóla.

Með vísan til framangreinds verður að telja að hið kærða framkvæmdaleyfi sé haldið slíkum annmarka að fella verði það úr gildi.

### Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi ákvörðun skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 17. desember 2021 um útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir lagningu tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal.

---

Arnór Snæbjörnsson (sign)

---

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

---

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)